

20. Sp.: Þurfti heimurinn að fá yfirnáttúrlega opinberun til að kenna sjer, hvað rjett væri?

Sv.: Nei; reynslan kennir honum það.

21. Sp.: Hafa nokkrar þjóðir fyrir utan Gyðinga og kristnar þjóðir þekkt það rjetta?

Sv.: Já; jafn siðaðar þjóðir hafa haft hjer um bil sömu hugmyndir um rjett og rangt.

22. Sp.: Á hvað bendir það?

Sv.: Það gefur til kynna, að þær hafa haft hjer um bil sömu reynslu og lært hjer um bil það sama.

23. Sp.: Borgar það sig nokkru sinni að gera rangt?

Sv.: Nei; það er ætíð heimska.

24. Sp.: Hvi gera menn þá rangt?

Sv.: Stundum af vanþekkingu, stundum leiðast þeir af geðshræringum, svo sem hatri eða öfund; stundum af von um ánægju í bráðina, þrátt fyrir ill eptirköst.

25. Sp.: Hvers vegna ætti jeg að gera öðrum rjett?

Sv.: Vegna þess jeg hefi engan rjett til að gera á hluta þeirra.

26. Sp.: Ætti jeg að gera rjett sjálfs míns vegna?

Sv.: Já; ef jeg skeyti um líf og velferð; og þar að auki getur enginn skaðað sjálfan sig án þess að skaða einhvern annan.

27. Sp.: Hlýtur endilega eitthvað rangt að vera til í heiminum?